

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin



Forsíðumyndin er af starfsmönnum Baðlónsins í Mývatnssveit þeim Birgi Steingrímssyni og Friðriki Steingrímssyni. Auk þeirra er Héðinn Jónasson bílstjóri hjá Rúnari Óskarssyni með á myndinni sem tekin er á sumardaginn fyrsta. Um 63 þúsund manns heimsóttu Baðlónið á síðasta ári.



Stéttarfélagin bafa ákveðið að taka þátt í kaupum á nýjum björgunarklippum og búnaði fyrir tækjabifreið sem er í umsjón lögreglunnar á Húsavík. Stéttarfélagin bafa ákveðið að gefa 200 þúsund en búnaðurinn kostar um 2,4 milljónir. Að sögn þeirra sem standa að söfnuninni befur gengið mjög vel að safna fyrir þessum mikilvæga búnaði.

AFSLÁTTUR AF RÚTUFARGJÖLDUM



Félagar! Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum eru með samning um sérstök afsláttarkjör fyrir félagsmenn stéttarfélaganna við TREX ehf. sem er með sérleyfið frá Þórshöfn til Reykjavíkur.

Afslátturinn er 15 til 25% eftir ferðum.

Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér ferðir á vegum TREX ehf. og þar með afsláttinn góða.

Hátíðarhöldin í Íþróttahöllina



Eins og fram hefur komið hafa stéttarfélagin ákveðið að færa hátíðarhöldin vegna 1. maí úr Félagsheimilinu í Íþróttahöllina á Húsavík og er undirbúningur í fullum gangi. Þetta er gert vegna þess að Félagsheimilið rúmar ekki lengur allan þann fjölda sem sækir

hátíðarhöldin. Markmið stéttarfélaganna er að vel fari um hátíðarhestina og allir sem vilja geti sótt hátíðina. Búið er að ganga frá dagsskrá sem verður vegleg að vanda og þá mun Bautinn sjá um leigu á borðum og stólum fyrir um fjögur hundruð manns.

Reiðnámskeið fyrir félagsmenn

Stéttarfélagin í samstarfi við Hestamiðstöðina í Saltvík bjóða félagsmönnum upp á 6 tíma reiðnámskeið fyrir byrjendur helgina 11. til 13. maí. Á námskeiðinu verður farið yfir og kennd ýmis grunnatriði í reiðmennsku og umgengni við hesta og að sjálfsögðu farið í útreiðartúra frá Saltvík. Heildarverð er kr. 12.000,-. Fræðslusjóðir

félagsmanna niðurgreiða námskeiðið um 50% og því þurfa félagsmenn aðeins að greiða kr. 6.000,-. Þetta er frábært námskeið sem enginn má missa af. Kennari verður Bjarni Páll Vilhjálmsson. Skráning stendur yfir á Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464-6600



Blómárosirnar, Aníta Karin Guttesen og Selma Kristjánsdóttir bafa verið kennarar á námskeiðum Þekkingarseturs Þingeyinga og Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis í vetur. Þær komu m.a. að kennslu í Landnemaskólanum. Verkalýðsfélagið þakkar þeim fyrir gott samstarf og vel unnið störf í vetur.

Nú verður kátt í höllinni!!

Hátíðardagskrá

Íþróttahöllinni Húsavík 1. maí 2007


Hátíðardagskrá:

Kl. 14:00 hefst hátíðardagskrá í Íþróttahöllinni

- **Tónlist:**
Marimba hópur frá Tónlistarskóla Húsavíkur
leikur undir stjórn Guðna Bragasonar.
- **Ávarp:**
Aðalsteinn Á. Baldursson
formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis
- **Tónlist:**
Ungir tónlistarmenn úr Tónlistarsmiðjunni
„Líf án áfengis“ syngja og leika nokkur dægurlög
- **Tónlist:**
Lára Sóley Jóhannsdóttir fiðluleikari leikur
ásamt Aladár Rácz
- **Hátíðarræða:**
Skúli Thoroddsen framkvæmdastjóri
Starfsgreinasambands Íslands
- **Söngur:**
Óskar Pétursson stórsöngvari.
Undirleikari: Daníel Þorsteinsson
- **Tónlist og söngur:**
Ljótu hálfvitarnir sem vakið hafa mikla athygli
fyrir frábæra sviðsframkomu, leik og söng
taka lagið eins og þeim einum er lagið

Að lokinni dagskrá bjóða stéttarfélögin samkomugestum upp á kaffiveitingar.

Þingeyingar, drögum fána að húni á hátíðar- og baráttudegi verkafólks 1. maí.



Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis • Verslunarmannafélag Húsavíkur
Starfsmannafélag Húsavíkur • Þingið, félag iðnaðarmanna

Til hamingju félagar!

ÉG HEF næstum því
ALLAN TÍMANN Í
HEIMINUM
FYRIR ÞIG

Við lögum okkur að **pínun** þörfum

Það er grundvallarþing að þú sért í góða sambandi við þús fjárfestafélaki sem þú skiptir við. Hjú
Spónsfræum leggjum að mikinn metnað í að veita góðu og persónulega þjónu með hagnunni
og þessu viðskiptaværu okkar að leiðræði. Traust og gott samband er farselt fyrir báða aðila.

SPARISJÓÐUR
SUDUR HINGEYINGA

Hefur þú skoðað heimasíðu stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

www.vh.is

Félagsmenn VHN í sjöunda himni!



Þjónusta Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis kom mjög vel út úr skoðanakönnun Capacent Gallup. Um 96% félagsmanna eru ánægðir með starfsemi félagsins, 4% tóku ekki afstöðu.

Starfsgreinasamband Íslands fékk Capacent Gallup til að gera könnun á ýmsum málum er varða starfsemi stéttarfélaganna innan sambandsins og viðhorf félagsmanna til þeirra. Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis kom langbest út úr könnuninni sem stóð frá 28. febrúar til 12. mars 2007 þar sem 96% félagsmanna sögðust ánægðir með starfsemi félagsins. Úrtakið á landsvísi var 1375 manns. Alls svöruðu 721 eða 58,7% aðspurðra. Félagsmenn innan SGS voru m.a. spurðir út í viðhorf þeirra til þess stéttarfélags sem þeir tilheyra en 26 stéttarfélög eru innan sambandsins. Spurt var:

Á heildina litið finnst þér stéttarfélagið standa sig vel eða illa?

Meðaltalið yfir landið er eftirfarandi:

Mjög vel sögðu 23,7%

Frekar vel sögðu 47,8%

Hvorki né 15,3%

Frekar illa 9,7%

Mjög illa 3,4%

Niðurstöður varðandi Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis eru eftirfarandi:

Mjög vel sögðu 56%

Frekar vel sögðu 40%

Hvorki né 4%

Frekar illa 0%

Mjög illa 0%

Samkvæmt þessari niðurstöðu eru félagsmenn Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis almennt mjög ánægðir með þjónustu félagsins því 96% svöruðu spurningunni jákvætt, hin 4% tóku ekki afstöðu. Þessi niðurstaða er í takt við sambærilega könnun sem gerð var fyrir nokkrum árum. Niðurstaðan er afar ánægjuleg fyrir félagsmenn Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis og er enn frekari staðfesting á öflugu starfi félagsins sem vakið hefur athygli víða.

Tekjur Þingiðnar lækka milli ára



Aðalfundur Þingiðnar var haldinn 27. mars 2007. Hér koma helstu upplýsingar úr skýrslu formanns: Fullgildir félagsmenn í Þingið 31. desember 2006 voru 94 talsins sem er svipaður fjöldi milli ára. Félagsgjöld og iðgjöld ársins námu kr. 5.869.880,- sem er 1% lækkan frá fyrra ári. Bætur og styrkir úr sjúkra-sjóði námu kr. 726.656,- til 14 félagsmanna sem er veruleg hækkun frá síðasta ári. Félagið er eigandi af 25% hlut í orlofsíbúð að Freyjugötu 10A í Reykjavík með Verslunarmannafélagi Húsavíkur. Þá seldi félagið hlut félagsins í Glitni á síðasta ári. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 12.540.942,- og eigið fé í árslok nam kr. 106.916.056,- og hafði aukist um 13,3% að raungildi frá fyrra ári. Formaður taldi ástæðu til að vekja sérstaka athygli á því að félagsgjöld og iðgjöld hefðu lækkað um 1% milli ára sem væru tíðindi þar sem fram að þessu hefði orðið hækkun á iðgjöldum milli ára. Formaður sagði það áhyggjuefni ef samdráttur yrði áfram á tekjum félagsins á komandi árum. Þrátt

fyrir þessa niðurstöðu væri staða félagsins góð og því hefði stjórn félagsins ákveðið að leggja fram tillögur á aðalfundinum sem miðuðu að því að auka styrki til félagsmanna í gegnum sjúkra-sjóð félagsins. Þá sagði formaður frá samningi Skrifstofu stéttarfélaganna við Glitni um ávöxtun á sjóðum stéttarfélaganna. Áður hafði öllum bankastofnunum á svæðinu verið gefið tækifæri til að "bjóða" í fjármuni stéttarfélaganna. Formaður sagði að nánast ekkert atvinnuleysi hefði verið hjá iðnaðarmönnum á félags-svæðinu undanfarin ár. Töluvert hefði verið um verkefni á svæðinu, eins hefðu verktakar verið duglegir að ná sér í verkefni víða um land. Þá var á fundinum samþykkt að hafa félagsgjaldið óbreytt milli ára eða 1% af launum félagsmanna. Kjör stjórnar fór ekki fram þar sem stjórnin er kosin til tveggja ára í senn og er Jónas Kristjánsson formaður félagsins. Þá voru einnig samþykktar verulegar breytingar á reglugerð sjúkra-sjóðs félagsins sem tryggja félagsmönnum aukna styrki. Að loknum fundinum var boðið upp á kaffiveitingar.

Ævintýraferð á hestum í ágúst

Ferðin sem allir hafa beðið eftir verður farin í haust, nánar tiltekið laugardaginn 25. ágúst. Um er að ræða þrígga tíma hestaferð frá Saltvík í Heiðarbæ í Reykjahverfi. Ferðin er ætluð félagsmönnum og mökum þeirra. Þátttökugjald er aðeins kr. 4.000,-. Farið verður undir leiðsögn Bjarna Páls frá Hestamiðstöðinni í Saltvík niður að ströndinni að Æðarfossum í Laxá. Þaðan verður ríðið upp að Mýrar-kvísl, yfir hana á vaði og suður

Hvammshéið meðfram Mýrar-kvísinni eftir frábærum reiðgötum. Hestar verða við allra hæfi bæði fyrir vana og óvana. Ferðin er ekki síst ætluð óvönnum einstaklingum. Þegar komið verður í Heiðarbæ verður öllum boðið í sund og heitan pott. Að því loknu verður grillað og sungið fram eftir kvöldi. Þegar ferðinni lýkur verður öllum keyrt til baka í Saltvík. Skráning stendur yfir á Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464-6600.



Fundarmenn fara yfir ársreikninga og skýrslu stjórnar.

Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis:

Góð afkoma skilar sér til félagsmanna

Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis var haldinn sunnudaginn 15. apríl. Fjöldi félagsmanna um síðustu áramót var 1.188 en heildarfjöldi greiðenda voru 1.877 á árinu 2006. Á fundinum kom fram almenn ánægja með starfsemi og rekstur félagsins. Hér koma nokkrar frekari upplýsingar úr rekstri og starfsemi félagsins á umliðnu starfsári.

Afkoma félagsins:

Heildartekjur félagsins námu kr. 61.764.065 á sl. ári, heildar rekstrarútgjöld námu kr. 43.647.414,-. Félagsgjöld og iðgjöld námu kr. 58.057.665,- á móti kr. 51.035.031,- á árinu 2005. Samtals hækkuðu félagsgjöld og iðgjöld milli ára um 13,7%. Á síðasta ári varð tekju-

Orlofsdvöl á vegum félagsins:

Á síðasta ári dvöldu 379 félagsmenn ásamt fjölskyldum sínum í orlofshúsum, orlofsíbúðum, á tjaldsvæðum og hótélum á vegum félagsins. Sú mikla aðsókn sem verið hefur í orlofshúsum og í aðra möguleika sem félagið hefur boðið upp á í orlofsmálum er ekki síst tilkomin vegna þess að félagið niðurgreiðir leiguna verulega fyrir félagsmenn. Þá stóð félagið fyrir félagsferð til Færeyja sem tókst vel.

Kjarabótin leynist víða:

Verkalýðsfélagið hefur til sölu afsláttarmiða í Hvalfjarðargöngin fyrir félagsmenn. Á síðasta ári spör-

Starfsgreinsambands Íslands í komandi kjarasamningum sem almennt eru lausir um næstu áramót. Því miður hafa aðildarfélag sambandsins ekki borið gæfu til að fara fram saman í undangengnum kjarasamningum. Flóabandalagsfélagin hafa valið að fara fram sér, því hafa landsbyggðarfélagin orðið að þjappa sér saman um sína eigin kröfugerð. Það getur vart talist eðlilegt og verkafólki til framdráttar að samtakamátturinn sé ekki notaður til að knýja fram bætt kjör í krafti stærðar og samstöðu í stað þess að félagin flokki sig upp eftir landssvæðum.

Aðalfundurinn leggur þunga áherslu á að í næstu kjarasamningum verði lögð sérstök áhersla á launajafnrétti kynjanna og hækkan lægstu launa. Í því sambandi er mikilvægt að hlustað verði á raddir þess fólks sem býr í dag við launamisrétti og lágmarkskjör. Raddir þeirra þurfa að heyra ekki síður en skoðanir hagfræðinga og annarra fræðimanna sem koma að því að móta kröfugerð aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands.

Þá er löngu orðið tímabært að færa yfirborganir inn í grunnlaun og að launaleynd verði afnumin í kjarasamningum. Launaleynd í fyrirtækjum er oftast en ekki uppspretta að slæmum starfsanda á vinnustöðum og kemur sérstaklega illa við konur. Jafnframt er mikilvægt að færa í lög að atvinnurekendur þurfi að tilgreina ástæður þess komi til uppsagna starfsmanna. Aukin framlög til starfsmenntunar verkafólks og jafnrétti í lífeyrismálum miðað við opinbera starfsmenn eru einnig réttlætismál sem berjast þarf fyrir.

Aðalfundurinn telur jafnframt eðlilegt að lágmarkslaun hækki allverulega á næsta samnings-tímabili. Í viðræðum við ríkið verði tryggt að skattleysismörk hækki, þannig að tekjuskattur komi ekki á umsamin lágmarkslaun stéttar-

félaga innan Alþýðusambands Íslands.

Ályktun um uppsagnir Réttindi launþega verði betur tryggð

Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis skorar á Alþingi að fullgilda ILO-samþykktina nr. 158 sem tryggir launafólki lágmarks mannréttindi við uppsagnir úr starfi, en slíkt ákvæði vantar inn í íslenska löggjöf. Komi ekki til þess að Alþingi fullgildi samþykktina á þinginu í haust mun Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis krefjast þess að samþæfilegt ákvæði komi inn í kröfugerð verkalýðshreyfingarinnar sem mótuð verður fyrir kjaraviðræðurnar sem hefjast í haust.

Ályktun um atvinnu- og byggðamál VHN hvetur til stórsóknar í atvinnumálum

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis hvetur til stórsóknar í atvinnumálum Þingeyinga. Liður í slíkri sókn er uppbygging orkufreks iðnaðar við Húsavík og styrking annarra atvinnugreina á svæðinu.

Á undangengnum árum hafa Þingeyingar orðið fyrir nokkrum stór áföllum í atvinnulífnum sem leitt hafa til búferlaflutninga auk þess sem atvinnulífið hefur veikt til muna.

Þrátt fyrir að á móti hafi blásið og að Þingeyingum hafi fækkað um 800 manns á síðasta áratug skortir heimamenn ekki áræðni eða kjark til að vinna að góðum mállefnum sem snúid gætu þessari þróun við. Það gerist hins vegar ekki nema stjórnvöld komi að málinu með ábyrgum hætti.

Það gera þau best með nýjum áherslum í byggðamálum þar sem núverandi byggðastefna er brostin. Byggðastefna stjórnvalda hefur ekki náð takmarki sínu að efla byggð eða sporna við flutningum fólks á höfuðborgarsvæðið eins og fyrir-



afgangur af öllum sjóðum félagsins 80,5 milljónir á móti 67,5 milljóna króna tekjuafgangi á árinu 2005. Breytingar milli árána 2005 og 2006 eru aðallega fölgar í vaxta-tekjum og verðbótum á banka-innistæðum félagsins. Auk þess sem gengi hlutabréfa í Glitni hf. hækkuðu á árinu. Heildareignir félagsins námu um 592.918.043,- milljónum í árslok 2006 og höfðu aukist um 8,2% að raungildi frá fyrra ári.

Styrkir úr sjúkrasjóði:

Alls nutu 312 félagsmenn bóta frá sjúkrasjóði félagsins á árinu. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra sjúkrabóta og styrkja 12.4 milljónum.

Styrkir til starfsmenntunar:

Á síðasta ári fengu 205 félagsmenn greiddar 3.2 milljónir í einstaklingsstyrki vegna námskeiða sem þeir sóttu. Þar af voru 145 konur og 60 karlar. Aðild Verkalýðsfélagsins að sterkum starfsmenntasjóðum gerir félagsmönnum kleift að fá góða styrki til starfsmenntunar.

uðu félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum sér eina milljón með því að kaupa miðana hjá stéttarfélagunum í stað þess að kaupa þá við Hvalfjarðargöngin.

Atvinnuástand – greiðslur bóta

Atvinnuástandið var almennt gott á félagssvæði Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis á síðasta ári. Alls fengu 110 félagsmenn atvinnuleysisbætur á árinu 2006. Þar af voru konur í töluverðum meirihluta. Samtals greiðslur í atvinnuleysisbætur fyrir árið 2006 voru 34.494.223,- alls með mótfamlagi í lífeyrissjóð 36.702.629,- sem er svipuð upphæð milli ára.

Aðalfundurinn ályktar:

Aðalfundurinn sendi frá sér nokkrar ályktanir. Það er ályktun um byggða- og atvinnumál, uppsagnir starfsmanna og kjaramál.

Ályktun um kjaramál Launajafnrétti og hækkan lægstu launa

Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis hvetur til samstöðu meðal aðildarfélaga





liggjandi tölur um íbúapróun sýna. Sé það hins vegar ætluð stjórnsvalda að veikja byggðir landsins er þessi stefna skiljanleg.

Það hlýtur að teljast eðlileg krafa að Alþingi Íslendinga taki þessi mál fastari tökum og setji aukði fjármagn til byggða- og atvinnamála á landsbyggðinni. Með beinum fram- lögum til atvinnamála gæfist heima- mönnum tækifæri til að vinna að góðum hugmyndum til atvinnu- sköpunar. Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis telur mun eðlilegra að fjármagnið renni milliliðalaust til ákveðinna svæða s.s. Þingeyjar- sýslna í stað þess að Byggða- stofnun og aðrar sambærilegar stofnanir deili fjármunum til

byggðamála sem oftast en ekki taka mið af pólitískum ákvörðunum eða tengslum embættismanna við ákveðin svæði. Slík fyrirgreiðslu- pólitík á ekki að líðast.

Gera verður stóráttak í sam- göngumálum þar sem sérstaklega verði horft til Vaðlaheiðagangna, bættar vegtengingar úr Óxarfirði til Raufarhafnar auk þess sem Kísil- vegurinn og vegurinn upp með Jökulsá að Þjóðvegi 1 verði kláraðir á næstu árum með bundnu slitlagi. Þá fagnar aðalfundurinn nýlegum fréttum um að flug sé að hefjast aftur til Húsavíkur. Góðar samgöngur eru mikilvægar svo byggð og at- vinnulíf dafni í Þingeyjarsýslum.



Fréttamolar:

Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis samþykkti vegna góðrar afkomu að gera nokkrar breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs sem eykur rétt félags- manna verulega til endurgreiðslna frá félaginu. Þingið hefur einnig gert sambærilegar breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs félagsins.

Útfararstyrkur:

Núverandi útfararstyrkur til að- standenda félagsmanna sem eru á vinnumarkaði hækkar úr kr. 180.000,- í kr. 210.000,-. Aðrir liðir reglugerðar sjúkrasjóðs taka þeim breytingum til hækkunar sem kveðið er á um í reglugerð sjóðsins.

Krabbameinsskoðun (framhaldsskoðun)

Félagsmenn eiga nú rétt á styrkjum vegna framhaldsrann- sókna hjá Krabbameinsfélaginu eða viðurkenndum aðila. Greitt er allt að kr. 4.500,- í eitt skipti á hverjum 12 mánuðum, þó aldrei meira en sem kostnaði nemur. Greitt er m.v. innkomin iðgjöld. Hámarks- styrkur miðast við að iðgjöld næst- liðna 12 mánuði áður en farið er í skoðun sé kr. 14.800,- eða meira. Greitt er hlutfallslega ef iðgjaldið nær ekki þeirri upphæð. Skilyrði fyrir endurgreiðslu er að greitt hafi verið af sjóðfélaga samfellt í a.m.k. 12 síðustu mánuði.

Styrkir vegna Glæraugnakaupa/ linsa:

Heimilt verður að veita félagsmönnum sem greitt hefur verið af til sjúkrasjóðsins næstliðna 12 mánuði styrk vegna glæraugna- kaupa eða kaupa á linsum. Heimilt er að veita styrk einu sinni á hverjum 36 mánuðum. Upphæð styrks skal vera að hámarki kr. 20.000,- fyrir fullgildan félagsmann. Aldrei skal þó greiða hærra hlutfall en 50% af kostnaði. Fullur styrkur miðast við að greitt hafi verið af viðkomandi sjóðfélaga a.m.k. kr. 14.800,- í ið- gjöld næstliðna 12 mánuði. Aðrir sjóðfélagar eiga rétt á hlutfalls- legum styrkjum m.v. greiðslur til sjóðsins. Skilyrði fyrir endurgreiðslu er að greitt hafi verið af sjóðfélaga samfellt í a.m.k. 12 síðustu mánuði. Gögn sem þurfa að fylgja með umsókn eru frumrit af dagsettri kvittun frá glæraugnasala/linsusala þar sem fram kemur nafn og kenni- тала seljanda og kaupanda og upp- hæðin sem greidd var.

Laser augnaðgerðir:

Heimilt verður að veita sjóð- félögum styrk vegna aðgerða á augum, einu sinni fyrir hvert auga. Upphæð styrks skal vera að há- marki kr. 25.000,- fyrir hvert auga, = kr. 50.000,- fyrir bæði augu, fyrir félagsmann sem greitt hefur verið af a.m.k. kr. 14.800,- í iðgjöld næst- liðna 12 mánuði og hlutfallslega m.v. greiðslur til sjóðsins. Skilyrði fyrir endurgreiðslu er að greitt hafi

verið af sjóðfélaga samfellt í a.m.k. 12 síðustu mánuði. Gögn sem þurfa að fylgja umsókn eru frumrit af dag- settri kvittun frá lækni þar sem fram kemur nafn og kennitala seljanda og kaupanda þjónustunnar og upp- hæðin sem greidd var. Sá sem gengst undir Laser aðgerð getur ekki fengið til viðbótar styrk vegna glæraugnakaupa. Sá réttur skapast eftir 36 mánuði frá því að hann gekkst undir Laser aðgerðina.

Heilsuefningarstyrkur (líkamsrækt, íþróttir):

Heimilt verður að styrkja sjóð- félaga vegna þjálfunar í líkams- ræktarstöðvum, sundstöðum og hjá íþróttafélögum vegna íþróttar. Stöðin/íþróttafélagið skal vera lög- aðili með kennitölu og fast heimilis- fang og með fasta aðstöðu og skipulagt starf og hafi á að skipa viðurkenndum íþróttakennurum eða leiðbeinendum. Vegna heilsu- efninga er heimilt að greiða styrk er nemur allt að kr. 8.000,- á hverjum 12 mánuðum, þó að hámarki 50% af kostnaði. Greitt er m.v. innkomin iðgjöld. Hámarksstyrkur miðast við að iðgjald næstliðna 12 mánuði áður en þjálfun var hafin, sé kr. 14.800,- eða meira. Greitt er hlut- fall ef iðgjaldið nær ekki þeirri upp- hæð. Skilyrði fyrir endurgreiðslu er að greitt hafi verið af sjóðfélaga samfellt í a.m.k. 12 síðustu mánuði. Gögn sem þurfa að fylgja umsókn eru frumrit af dagsettri kvittun frá líkamsræktarstöð/íþróttafélagi þar

sem fram kemur nafn og kennitala seljanda og kaupanda þjónust- unnar og upphæðin sem greidd var.

Heyrnartæki:

Heimilt er að veita styrk vegna kaupa á heyrnartækjum. Upphæð styrks skal vera að hámarki kr. 25.000,- fyrir hvert eyra eða sam- tals kr. 50.000,- fyrir bæði eyru, fyrir félagsmann sem greitt hefur verið af a.m.k. kr. 14.800,- í iðgjöld næst- liðna 12 mánuði og hlutfallslega fyrir hlutastarf. Skilyrði fyrir endur- greiðslu er að greitt hafi verið af sjóðfélaga samfellt í a.m.k. 12 síðustu mánuði. Gögn sem þurfa að fylgja umsókn eru frumrit af dagsettri kvittun frá söluaðila heyrnartækja þar sem fram kemur nafn og kennitala seljanda og kaupanda og upphæðin sem greidd var.

Breytingar taka gildi 15. apríl 2007

Miðað er við að þessar breyt- ingar á greiðslum sjúkrasjóðs taki gildi frá og með 15. apríl 2007. Endurgreiðslur til félagsmanna miðast við að stofnað hafi verið til útgjalda eftir 15. apríl 2007. Félagsmenn geta fengið nánari upplýsingar um nýju styrkina á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þá er rétt að ítreka að þessir styrkir ná aðeins til þeirra sem eru á vinnu- markaði og greitt er af til félagsins á hverjum tíma.

Góð staða hjá verslunarmönnum



Á myndinni eru Hafliði Jósteinsson, Unnur Guðjónsdóttir og Brynja Pálsdóttir sem öll voru endurkjörin í stjórn Verslunarmannafélagsins og Laufey M. Einarisdóttir.

Verslunarmannafélag Húsavíkur hélt aðalfund sinn 26. mars 2007. Rekstur félagsins gekk vel á síðasta ári og skilaði félagið verulegum hagnaði. Réttindi félagsmanna til styrkja úr sjúkrasjóði voru aukin á síðasta ári með tekjutengingu sjúkradagpeninga, sem jók útgjöld sjóðsins verulega, en þrátt fyrir það skilaði sjóðurinn tekjuafgangi og stendur áfram traustum fótum. Hér koma helstu upplýsingar úr skýrslu stjórnar um rekstur félagsins á síðasta ári. Fullgildir félagsmenn 31. desember 2006 voru 152, konur 108 og karlar 44.

Félagsgjöld og iðgjöld árið 2006 námu kr. 7.413.038 sem er 12% hækkun frá árinu 2005. Bætur og styrkir úr sjúkrasjóði námu kr. 2.418.478 til 81 félagsmanns, sem er 17% hækkun á milli ára.

Félagið er eigandi að 75% hlut í orlofsíbúð á 2. hæð að Freyjugötu 10a í Reykjavík með Þingið og gekk rekstur íbúðarinnar vel. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 19.953.014,- og eigið fé í árslok nam kr. 117.761.479 og hefur aukist um 21,1% að raungildi frá fyrra ári.

Félagið er aðili að Starfsmenntunarsjóði verslunar og skrifstofufólks. Félagsmenn fengu kr. 389.291 í styrk frá sjóðnum á árinu 2006. Sjóðurinn styrkir tómstundánám, starfstengt nám og ferðakostnað félagsmanna vegna náms. Á fundinum voru gerðar nokkrar breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs félagsins, m.a. er nú heimilt að styrkja félagsmenn til kaupa á hjálpartækjum, s.s. glærugum, heyrnar-tækjum o.þ.h. Þessi viðbót eykur nú enn frekar á viðtækan rétt félagsmanna til styrkja úr sjúkrasjóðnum. Í stjórnarkjöri voru Brynja Pálsdóttir og Hafliði Jósteinsson endurkjörin sem meðstjórnendur til tveggja ára. Laufey M. Einarisdóttir lét af stjórnarstörfum eftir langa og farsæla setu og í hennar stað settist Sigríður Birgisdóttir í stjórn. Laufey lét hins vegar ekki alveg af trúnaðarstörfum hjá félaginu því hún situr nú í kjörnefnd félagsins ásamt Trausta Aðalsteinssyni. Unnur Guðjónsdóttir, Birgitta Bjarney Svavarsdóttir og Ásgerður Arnardóttir voru kjörnar í varastjórn til eins árs. Aðrir stjórnarmenn eru Snæbjörn Sigurðarson formaður og Aðalbjörg Ívarsdóttir meðstjórnandi.

Heimsóknir tíðar á Skrifstofu stéttarfélaganna



Heimir Bessa trillukarl og fyrrverandi fristundabóndi er hér í léttu spjalli við starfsmann Skrifstofu stéttarfélaganna.

Skrifstofa stéttarfélaganna er í góðu sambandi við félagsmenn og eru heimsóknir á hana mjög tíðar, auk þess sem stórum hluta starfsins er sinnt í gegnum síma og með heimsóknum á vinnustaði og í skóla. Starfsmenn skrifstofunnar tóku saman upplýsingar um starfsemina sem náði yfir þriggja vikna tímabil. Heimsóknir og innhringingar á skrifstofuna voru skráðar sérstaklega á þar til gerð eyðublað. Á tímabilinu voru daglegar heim-

sóknir viðskiptavinna á bilinu 15 til 40. Innhringingar á tímabilinu voru frá 20 hringingum upp í 50 hringingar. Úthringingar starfsmanna voru hins vegar ekki teknar sérstaklega saman. Um er að ræða almenna þjónustu stéttarfélaga vegna ákvæða kjarasamninga, afgreiðslu vegna sjúkrasjóða, orlofshúsa og námskeiða. Greinilegt er að félagsmenn aðildarféлага stéttarfélaganna leita mikið til skrifstofunnar.

Gengið frá samningi við Sparisjóð S-Þingeyinga



Í apríl gekk Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis frá samkomulagi við Sparisjóð Suður Þingeyinga um vörslu á Vinnudeilsjóði félagsins. Sparisjóðurinn tekur að sér að ávaxta sjóðinn fyrir félagið á ákveðnum vöxtum samkvæmt samkomulagi. Í dag eru um 40

milljónir í Vinnudeilsjóði félagsins sem ætlaður er félagsmönnum komi til verkfalla. Guðmundur E. Lárusson, sparisjóðsstjóri og formaður VHN undirrituðu samkomulagið fyrir hönd Sparisjóðsins og Verkalýðsfélagsins.



**STARFSMANNAFÉLAG
HÚSAVÍKUR**

Aðalfundur

**Starfsmannafélags
Húsavíkur**

verður haldinn á Bauknum
16. maí kl. 20:00.

Dagskrá fundarins verður nánar
auglýst síðar.

Landnemar útskrifast



Útskriftarnemar við Grjótagjá ásamt aðstandendum Landnemaskólans.

Á sumardaginn fyrsta útskrifuðust 8 nemar úr Landnemaskólanum sem er 120 stunda nám sem nemendurnir hafa stundað í vetur á vegum Þekkingarseturs Þingeyinga og í góðu samstarfi við Verkalýðsfélagið. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi námið til 10 eininga á framhaldsskólastigi sem fjármagnað er að mestu úr opinberum sjóðum. Tilgangur skólans er að auðvelda fólki af erlendum uppruna aðlögun að íslenskum vinnumarkaði og sam-

félagi. Lögð er sérstök áhersla á íslenskt talmál og nýtsama samfélagsfræði. Í tilefni af útskriftinni var farið með hópinn í útskriftarferð í Mývatnssveit þar sem nokkrir áhugaverðir staðir voru skoðaðir auk þess sem hópurnir borðaði á Selhótel Mývatn. Ferðin tókst vel enda veðrið gott og nemendurnir glaðir með að hafa lokið náminu. Með í för voru tveir kennarar þær Selma og Aníta auk formanns Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis.

Um 84% fylgjandi álveri við Bakka



Á aðalfundi Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis var framkvæmd skoðanakönnun á afstöðu fundarmanna til uppbyggingar álvers í landi Bakka við Húsavík. Spurt var hvort menn væru meðmæltir álveri í landi Bakka eða ekki. Alls tóku 40 þátt í könnuninni.

Já sögðu 31 eða 77,5%

Nei sögðu 6 eða 15%

Hlutlausir voru 3 eða 7,5%

Af þeim sem tóku afstöðu voru því 83,8% fylgjandi uppbyggingu álvers við Húsavík meðan 16,2% hafna álveri. Niðurstaðan er skýr. Mjög mikill meirihluti er fylgjandi uppbyggingu álversins sem er í takt við stefnu Verkalýðsfélagsins sem ályktað hefur um málið og hvatt til uppbyggingar orkufreks iðnaðar við Húsavík enda skaði slíkur iðnaður ekki umhverfið.

Verkalýðsfélagið sýnir frumkvæði

- Hærri námstyrkir hjá VHN en öðrum stéttarfélögum -



Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis hefur ákveðið að stiga það skref að jafna réttindi félagsmanna úr fræðslusjóðum sem félagið er aðili að. Í dag eru mismunandi réttindi milli Landsmenntar, Sjómenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar. Til fróðleiks má geta þess að verkafólk á almenna vinnumarkaðinum á rétt á styrkjum úr Landsmennt, sjómenn eiga rétt á styrkjum úr Sjómennt, starfsmenn ríkisins eiga rétt á styrkjum úr Ríkismennt og starfsmenn sveitarfélaga eiga rétt á styrkjum úr Sveitamennt. Allt eru þetta fræðslusjóðir á landsvísi og eru fyrir félagsmenn

verkalýðsfélaga innan Starfsgreinasambands Íslands. Í dag er það þannig að starfsmenn sveitarfélaga og ríkisins eiga rétt á hærri styrkum en aðrir sem starfa á almenna vinnumarkaðinum eða stunda sjómennsku. Eftir samþykkt aðalfundar Verkalýðsfélagsins um að jafna þennan rétt hefur félagið stigið það skref að jafna þennan rétt. Ekki er vitað til þess að önnur stéttarfélag hafi stigið þetta skref til jöfnunar sem Verkalýðsfélagið gerir með þessum breytingum. Enn á ný sýnir því Verkalýðsfélagið frumkvæði í jöfnun réttinda verkafólks.

Félagsferð á Djúpavog

Nú er skráningu í félagsferð á Djúpavog þann 9.-10. júní lokið en rúmlega 20 skráðu sig í ferðina. Þó er rétt að taka fram að örfá sæti eru laus í ferðina og geta áhugasamir haft samband við Skrifstofu stéttarfélaganna. Farið verður frá Skrifstofu stéttarfélaganna snemma að morgni laugardagsins 9. júní og haldið austur á bóginn. Komið verður við á Reyðarfirði og þaðan farin fjarðaleiðin á Djúpavog. Síðan verður siglt út í Papey þar sem fuglalífið verður skoðað og gengið um eyjuna með leiðsögn. Um kvöldið verður svo grillveisla í boði stéttarfélaganna. Gist verður á

Hótel Framtíð á Djúpavogi.

Á sunnudeginum er stefnt að því að leggja af stað að loknum morgunverði áleiðis á Kárahnjúka og þaðan heim á leið. Áætlaður komutími á Húsavík er um kvöldmatarleiðið.

Ef að tækifæri gefst er hægt að fara í gönguferð um sandana á utanverðu Búlandsnesinu en þar er mjög fjölbreytt fuglalíf. Einnig eru áhugaverð söfn á Djúpavogi, fugla- og steinasafn og safn um listamanninn Ríkarð Jónsson auk þess að kominn er vísir að byggðasafni sem áhugavert er að skoða.

Krafa um fund strax!



Um miðjan apríl stóð Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis fyrir félagsfundum á Rauфарhöfn og Lundi í Öxarfirði. Tilefni fundanna var að gera félagsmönnum grein fyrir stöðu félagsins, starfsemiinni á síðasta ári og ályktunum sem lágu fyrir aðalfundi félagsins. Auk þess var gerð grein fyrir viðhorfsskönnun Capacent Gallup sem Starfsgreinasamband Íslands lét gera á viðhorfi félagsmanna til aðildarfélaga sambandsins. Á fundunum kom fram ánægja með starfsemi og stöðu félagsins. Hins vegar urðu miklar

umræður á Rauфарhöfn um atvinnu- og byggðamál og voru fundarmenn áhyggjufullir. Fyrirtækjum og fólki hefur fækkað töluvert á Rauфарhöfn á síðustu árum. Fundarmenn á Rauфарhöfn skoruðu á Verkalýðsfélagið að taka málið upp til umræðu og vekja þingmenn og sveitarstjórnarmenn til umhugsunar um stöðu mála. Stjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis hefur þegar fjallað um ósk félagsmanna á Rauфарhöfn og óskað eftir fundi með fulltrúum Norðurþings.



Þungt bljóð var í fundarmönnum á Rauфарhöfn varðandi atvinnu- og byggðamál.



Begar útskriftarnemar Landnemaskólans voru á ferð í Mývatnssveit á Sumardaginn fyrsta komu þau við hjá Gylfa á Skútustöðum sem tók vel á móti bópnum. Gylfi sýndi þeim verkunaraðferðir á reykjum silungi auk þess að sýna þeim reykibúsið sem vakti töluverða athygli nýbúana.

Miðar í Hvalfjarðargöng til sölu

Stéttarfélagin hafa til sölu miða í Hvalfjarðargöngin fyrir félagsmenn. Verðið per. miða er kr. 550,-. Félagsmenn í Verkalýðsfélagi Þórshafnar fá miðana á sama verði hjá skrifstofu félagsins á Þórshöfn. Rétt er að taka fram að aðeins félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum hafa rétt til að kaupa miðana.



Heiðurskonan Anna Jónína Valgeirsdóttir befur alla tíð baldið mikla tryggð við félagið sitt, Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis. Hún var að sjálfsgöðu mætt á aðalfund félagsins um miðjan apríl.

Atvinnuhúsnæði til leigu!

Stéttarfélagin auglýsa til leigu 64m² húsnæði í suðurenda Garðarsbrautar 26.

Húsnæðið hentar mjög vel undir allskonar starfsemi.

Áhugasamir hafi samband við Aðalstein Á. Baldursson á Skrifstofu stéttarfélaganna



Góður afsláttur fyrir félagsmenn hjá Frumherja

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis hefur samið við Frumherja um að veita félagsmönnum 15% afslátt af reglubundinni skylduskoðun ökutækja á þeirra vegum. Afslátturinn fæst gegn staðfestingu á því að þeir séu félagsmenn. Afsláttur þessi nær einnig til félagsmanna þeirra félaga sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Áður en að félagsmenn láta skoða sína bíla þurfa þeir að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá vottorð um að þeir séu fullgildir félagsmenn. Þessi afsláttur gildir einnig fyrir félagsmenn í Verkalýðsfélagi Þórshafnar sem geta nálgast frekari upplýsingar á skrifstofu félagsins á Þórshöfn.



Hetjur bafsins, þeir Brynjar Freyr Jónsson og Ragnar Ragnarsson eru hér að slá frá sökli við hús Brynjars um síðustu belgi. Vel viðraði til slíkra verka um belgina enda vorið á næsta leiti.

Lausar vikur í orlofshúsum

Þann 10. apríl lauk úthlutun á orlofshúsum stéttarfélaganna fyrir sumarið. Alls bárust ríflega 80 umsóknir og í flestum tilfellum var hægt að úthluta þeim vikum sem sótt var

um. Enn eru lausar vikur í orlofs-
húsum félaganna og í töflunni hér
að neðan má sjá hvaða vikur eru
lausar og í hvaða húsum. Hvítur
reitur þýðir að húsið er laust þá viku.

Rauður reitur þýðir að húsið er ekki í boði. Svartur reitur þýðir að búið sé að úthluta húsinu.

Félagsmönnum gefst nú tækifæri til að bóka þær vikur sem enn

eru lausar í sumar með því að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna eða með því að senda tölvupóst á nina@vh.is. **Fyrstir koma fyrstir fá!**



Orlofshús stéttarfélaganna í Pingeyjarsýslum 2007

Ekki í boði: 
Bókaðar vikur:

[illegible]

GEFÐU BAKPOKAELDFLAUG
Í FERMINGARGJÖF

Í FRAMTÍÐINNI VERÐUR HÆGT AÐ GERA MIKLU MEIRA VIÐ PENINGINN.

Framtíðarreikningur er fermingargjöf sem verður verðmætari með hverju ári. Reikningurinn ber hæstu spærivexti bankans og þar að auki bætum við 2.000 kr. við hverja gjöf upp á 5.000 kr. eða meira.* Framtíðarreikningurinn fæst í næsta útibúi Glitnis og á glitnir.is

GLITNIR

* Tilboð gildir fyrir alla sem eru fæddir 1993 og gildir allt að tinni síðan fyrir hvern einstakling.